



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagurinn 2. ágúst, 2007

Ákvörðun nr. 36/2007

**Samruni Samhentra kassagerðar ehf.  
og Valdimars Gíslasonar ehf.**

**1.**

Með bréfi Jóns G. Briem hrl., dags. 27. apríl 2007, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um sumruna Samhentra kassagerðar ehf. (hér eftir Samhentir) og Valdimars Gíslasonar ehf. (hér eftir VGÍ). Bréfinu fylgdi samrunaskrá sem tekur mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.<sup>1</sup>

Í samrunaskránni kemur fram að Samhentir kaupi alla hluti í VGÍ. Með í kaupunum fylgi allar eignir, efnislegar og óefnislegar þ.m.t. viðskiptasambönd, vörumerki og önnur samningsbundin réttindi sem VGÍ hafi notað í rekstri sínum á undanförunum árum og hafi verið grundvöllur að þeim fjárhagslegu niðurstöðum sem fram komi í bókhaldsgögnum. Bréfinu fylgdi einnig kaupsamningar, dags. 20. apríl 2007 ásamt tilboði í hlutafé dags. 13. apríl 2007. Þá fylgdu bréfinu einnig ýmis gögn um viðkomandi félög, s.s. viðskipa- og lánsamningar milli samrunaaðila, listi yfir lánardrottna/birgja beggja félaga fyrir árin 2004 til 2006, vottorð úr hlutafélagaskrá fyrir bæði félög og ársreikningar þeirra fyrir árin 2004, 2005 og 2006, þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra.

Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaup Samhentra á VGÍ í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi dags. 22. maí 2007 tilkynnti Samkeppniseftirlitið málsaðilum að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

---

<sup>1</sup> Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



## 2.

Í samrunatilkynningu vegna kaupa Samhentra á VGÍ segir að Samhentir sé „heildsala sem annast sölu á umbúðum og rekstrarvörum til fyrirtækja í matvælaíðnaði, aðallega sjávarútvegsfyrirtækja. Félagið kaupir fullunnar umbúðir frá innlendum og erlendum birgjum og selur til viðskiptavina sinna.“ Um tilgang félagsins segir í fylgiskjölum með tilkynningunni að hann sé samkvæmt samþykktum þess „rekstur fasteigna, innflutningur og framleiðsla á umbúðum, lánastarfsemi svo og annar skyldur atvinnurekstur.“ Um VGÍ segir að félagið sé „heildsala sem selur umbúðir og rekstrarvörur til fyrirtækja í matvælaíðnaði svo sem til sjávarútvegsfyrirtækja, sláturhúsa, kjötvinnslustöðva, stórmarkaða, matþökkunarstöðva, veitingastaða og fyrirtækja sem annast veislupjónustu.“ Um tilgang VGÍ segir í fylgiskjölum með tilkynningunni að hann sé samkvæmt samþykktum félagsins „heildsala, umboðssala og annar verslunarrekstur, lánastarfsemi og annar skyldur atvinnurekstur. Einnig rekstur fasteigna.“

Í tilkynningunni er víkið að aðdraganda samruna Samhentra og VGÍ. Fram kemur að félögin séu bæði heildsölur sem selji aðallega umbúðir til sjávarútvegsfyrirtækja og til annarra fyrirtækja í matvælaíðnaði, auk þess sem VGÍ selji töluvert af tölum og tækjum til matvælaíðnaðarins. Þá segir að snemma árs 2006 hafi Icelandic umbúðir ehf. keypt Valdimar Gíslason hf. og sameinað rekstur félaganna undir nafni hins síðarnefnda. Fram kemur að megin markmið samrunans nú sé að nýta samlegðaráhrif sem fáist með samnýtingu aðstöðu, starfsfólks, birgðahalds og dreifingarkerfis.

## 3.

Í tilkynningunni segir að hin sameinuðu félög séu heildsölur sem selji einkum umbúðir til fyrirtækja í matvælaíðnaði, s.s. sjávarútvegi, kjötiðnaði og drykkjarvöruframleiðslu auk verslunarfyrirtækja. Samrunaaðilar telja ekki rétt að skilgreina markaðinn eftir þeirri vöru sem pakkað er í umbúðir þeirra, heldur telja þeir sig starfa á vörumarkaði fyrir umbúðir sem fyrirtæki nota, hverju nafni sem þær nefnist. Að mati samrunaaðila er framleiðsla úr plasti mjög ólík framleiðslu úr pappa og geti ekki farið fram í sömu verksmiðju. Framleiðsla á plastumbúðum sé því sérstakur markaður þar sem ekki sé um staðgöngu að ræða við framleiðslu á pappaumbúðum. Markaðinn fyrir umbúðir fyrir sjávarútveg og annan matvælaíðnað má að mati samrunaaðila afmarka við Ísland sem sé hinn landfræðilegi markaður sem samruninn hafi áhrif á. Þrátt fyrir það eigi erlendir aðilar auðvelt með að markaðsetja vörur sínar beint hér á landi og selja þær án atbeina milligönguáðila. Veiti erlendir aðilar því innlendum aðilum talsverða samkeppni á þessum markaði. Fram kemur að þessir aðilar þurfi ekki að setja upp útibú, heldur geti þeir stundað beina markaðssetningu hér á landi án mikils tilkostnaðar og geti einnig notað sömu dreifileiðir og aðrir á markaðnum.

Í tilkynningunni kemur fram að hvorugur samrunaaðila hafi haft markaðsráðandi stöðu fyrir samrunann og telji að markaðsráðandi staða verði ekki til við hann. Keppinautar samrunaaðila séu stórir og talsverður kaupendastyrkur sé á markaðnum þar sem stærstu viðskiptavinir samrunaaðila séu einnig mjög stórir. Skapi þetta verulegt mótvægi við markaðsstyrk hins sameinaða félags.



#### 4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Að mati Samkeppniseftirlitsins mun samlegðaráhrifa samrunans sem fjallað er um í ákvörðun þessari fyrst og fremst gæta við sölu samrunaaðila á umbúðum fyrir matvæli. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Í ljósi þessa og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Samhentra á VGÍ á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

#### Ákvörðunarorð:

**„Með kaupsamningi, dags. 20. apríl 2007, keypti Samhentir Kassagerð ehf. allt hlutafé í Valdimar Gíslasyni ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson